

Leiðbeiningar um gerð hættumats

Fyrir hvern verkþátt þarf að gera heildar hættumat á helstu þáttum vinnuumhverfisins. Meta þarf:

- Vinnusvæði og gönguleiðir
- Vinnuaðstöðu og vinnuaðferðir
- Vinnu við vélar og tæki
- Notkun og geymslu efna
- Umhverfispætti – veður/sjólag, hita/kulda, birtu, hávaða, o.s.frv.
- Líkamsbeitingu og líkamlegt álag
- Félagslegt vinnuumhverfi og andlega þætti


Við hættumat í skipi er lagt til að notað sé meðfylgjandi eyðublað en fjöldi eyðublaða sem þarf að nota getur verið mismikill eftir stærð skips og umfangi starfseminnar um borð.

Hver verkþáttur er tekinn fyrir og vinnuaðstæður skoðaðar. Við hvern verkþátt skal skrá þá hættu sem talin er vera til staðar og mögulegar orsakir fyrir hættunni. Gott er að styðjast við „Gátlisti helstu hættur“ við hættumatið.

Metið hættustig og skráið þær forvarnir/ úrbætur sem þarf að gera til að minnka hættuna.

Þar sem hættan er mikil (3) þarf að bregðast strax við og koma á úrbótum og/eða viðhafa forvarnir til að minnka hættuna.

Hættumatið þarf að varðveita um borð í skipinu og vera kunnugt öllum í áhöfninni ásamt útgerðinni.



Gátlisti helstu hættur

Er hér hættu á að:

- skera eða stinga sig?
- klemmast?
- verða fyrir höggi?
- verða undir hlutum?
- hrasa og falla á þilfar?
- falla milli þilfara?
- falla úr hæð?
- falla fyrir borð?
- verða fyrir eitrun?
- verða fyrir súrefnisskort?
- brennast?
- fá í sig rafstraum?
- verða fyrir þrýstibunu?
- togna?
- fá álagssjúkdóma?
- verða fyrir heilsutjóni?
- verða fyrir ógnun, áreiti?

Samkvæmt reglugerð nr.

200/2007 „um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna um borð í skipum“ skal vinnuveitandi sjá til þess að framkvæmt sé hættumat vegna öryggis og hollustu á vinnustað. Reglugerðin gildir um alla vinnu sem fer fram um borð í skipum.